

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Háskóli Íslands Askja



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	22.3.2017	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Háskóli Íslands	<b>Eftirlitsmaður</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Heimili</b>	Sturlugata 7	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	600169-2039	<b>Flokkur</b>	Erfðabreyttar lífverur
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ólafur S. Andrésón	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi fannst. Rekstraraðila var bent á að senda tilkynningar um breytingar á starfsemi.

## UMFANG EFTIRLITS

Rekstraraðila er heimil rannsóknarstarfsemi með erfðabreyttar örverur af flokki I, með plasmíð og klónuð gen af stofnum *Escherichia Coli* og *Saccharomyces cerevisiae*.

Líklega 5 – 6 aðskilin verkefni með erfðabreyttar örverur eru í gangi á hverjum tíma og 10 vinnubækur starfsmanna eru í notkun og öll skráning fer fram þar.

Til viðbótar við *Escherichia Coli* og *Saccharomyces cerevisiae* hefur rekstraraðili hafið rannsóknir á blágrænum bakteríum (*Nostoc sp.*) og var um það rætt að rekstraraðili sendi inn tilkynningu til skráningar á þeim.

Eyðingarherbergi nr. 195 á jarðhæð hefur ekki verið inni í upptalningu á aðstöðu fyrir erfðabreyttar örverur í húsinu og því er rétt að tilkynna það einnig en þar fer fram tímabundin geymslu á ræktunum sem bíða eyðingar.

Rætt var um möguleika á að Snædís Huld Björnsdóttir lektor í líffræði sæki um að leyfi til að rannsaka erfðabreyttar örverur í húsnæði Öskju. Óvíst er um þetta, og eins hvort þá verði sótt um nýtt starfsleyfi eða að fyrirliggjandi leyfi verði látið ná yfir þetta ef af verður. Umsóknum og tilkynningum skal beina til Umsagna- og leyfisteymis Umhverfisstofnunar. Eftirlitsaðili benti á að Vinnueftirlit ríkisins þarf að taka út þær rannsóknastofur þar sem unnið er með erfðabreyttar lífverur.

Gengið var um húsið og aðstaða skoðuð. Kennslustofa nr. 350 og rannsóknarstofa nr. 387 eru læstar þegar þær eru ekki í notkun. Eyðingarherbergi #195 á jarðhæð inn af bílskúr á að vera læst en nokkur misbrestur er á því. Rætt var um að samræma varúðarmerkingar og uppfæra nöfn tengiliða á allri aðstöðu þar sem rannsóknir á erfðabreyttum örverum fer fram. Ekki hefur enn orðið af rafrænni aðgangsstýringu að þessum hluta hússins.

Farið var yfir skráningar og óhöpp og „næstum því óhöpp“ og hlutverk öryggisnefndar. Sigríður Rut Franzdóttir formaður öryggisnefndar sagði engin mengunaróhöpp hafa orðið líffræðimegin í húsinu á árinu 2016, og því engum aðferðum/ferlum breytt til varnar óhöppum. Eitt óhapp varð árið 2016 en það varð jarðfræðimegin í húsinu. Auk Sigríðar Rutar eru Sigrún Reynisdóttir og Snorri Páll Davíðsson í öryggisnefnd.

Áætlanir um frágang vegna rekstrarstöðvunar og viðbragðsáætlun hafa verið uppfærðar eins og þurfa þykir.

Rekstraraðila var bent á að senda Umhverfisstofnun tilkynningar um breytingar á starfsemi, þ.e. blágrænar bakteríur og herbergi #195.

#### Frávik frá

ákvæði í grein 1.5 um stofna í ræktun.

#### Lýsing á fráviki


Blágrænar bakteríur (Nostoc sp.) eru í ræktun en starfsleyfið nær ekki til þeirra.

#### ATHUGASEMDIR

Rekstraraðila var bent á að senda Umhverfisstofnun tilkynningar um breytingar á starfsemi. Bent var á að Vinnueftirlit ríkisins skal taka út aðstöðu þar sem fyrirhugað er að vinna með erfðabreyttur örverur.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 27.03.2017



Gottskálk Friðgeirsson